

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038 er gert ráð fyrir fjárframlagi til reiðvega 100 m. kr. árlegt framlag árin 2024 -2028, og á tveimur fimm ára tímabilum þ.e. 2029-2033 og 2034-2038, 500 m. kr. hvort tímabil. Í heildina 1.500 m. kr. á fimmtán ára tímabili.

Hér er í raun um lækkun á fjárframlagi til reiðvega að ræða frá því sem var á árunum 2000 – 2009. Sem dæmi þá var á árinu 2009 framlag til reiðvega af samgönguáætlun 70 m. kr. sem væri í dag framreiknað með verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands 123.489.932- kr.

Í október 2022 óskaði innviðaráðuneytið eftir tilnefningu fulltrúa í starfshóp um stöðu reiðvegamála. Starfshópurinn skyldi taka saman upplýsingar um stöðu reiðvega hér á landi og vinna kostnaðarmetna tillögu að áætlun í reiðvegamállum til framtíðar sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlunar og til forgangsröðunnar framkvæmda á reiðvegum. Skipunin starfshópsins er til og með 1. maí 2023.

Starfs hópurinn var skipaður Fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafntfram var formaður starfshópsins, fulltrúa innviðaráðuneytisins og tveimur fulltrúum frá Landssambandi hestamannafélaga (LH). Starfshópnum var ætlað að skila fyrstu niðurstöðum fyrir lok desember 2022 og lokatillögum eigi síðar en 1. maí 2023.

Í fyrstu niðurstöðum hópsins er lagt til átaks í reiðvegamállum og að reiðvegafé verði aukið verulega frá því sem verið hefur undanfarin ár eða í 300 m.kr. árlegt framlag árin 2024 – 2028. Reiðvegafénu skuli skipt milli þess að viðhalda núverandi reiðvegum, uppbyggingu og viðhaldi stofn- og ferðaleiða og gert reiðfært þar sem akvegir hafa verið lagðir bundnu slitlagi.

Hér er um mjög svo hófsama tillögu starfshópsins að ræða þegar litið er til þess að það þarf um 15,5 ma. kr. til að koma öllu reiðvegakerfi landsins í viðunnandi horf.

Reiðleiðir / reiðvegir eru undirstaða þess að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta geti dafnað og elfst á komandi árum.

Sýnt hefur verið framá og færð rök fyrir því hve háum fjárhæðum hestamennska almennt og hestatengd ferðaþjónusta eru að skila þjóðarþúinu í tekjur á ársgrundvelli. Tekjur sem hlaupa á tugum milljarða á ári hverju.

Það er því áskorun til stjórnvalda og Alþingis að í tillögum til þingsályktunnar um samgönguáætlun 2024-2038 verði framlög til reiðvega að lágmarki 300 m. kr. á ársgrundvelli eins og starfshópurinn leggur til.

Virðingarfyllst

Halldór H. Halldórsson

fyrirv. form. Ferða- og samgöngunefndar LH